

Stjórnarfundur í Geðhjálp 18. febrúar kl. 16:30

Mætt: Héðinn Unnsteinsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Einar Kvaran, Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Silja Björk Björnsdóttir, Sveinn Rúnar Hauksson og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð.

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð frá 28. janúar 2021

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. G-vítamín (GA)

Framkvæmdastjóri rekur hvernig G-vítamín herferðin hefur gengið en henni lýkur formlega um næstu helgi.

3. Málefni ÖBÍ (HU og GA)

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað sem stjórn fól honum að vinna um kosti og galla aðildar Geðhjálpar að Öryrkjabandalagi Íslands. Formaður ber upp tillögu um úrsögn Geðhjálpar úr ÖBÍ. Samþykkt með fjórum atkvæðum að fela framkvæmdastjóra að bera samþykktina undir lögfræðing áður en hún öðlast gildi. Þrír stjórnarmenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

4. Heimsókn í Janus og VIRK (HU og GA)

Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með framkvæmdastjóra VIRK og kynnt sér starfsemi Janusar. Áformaður er framhaldsfundur og mögulega málþing í haust eða á næsta ári. Umræðuefnið yrði þá fjölgun fólks sem sækir í endurhæfingu vegna geðrænna áskoranna. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að þessari hugmynd.

5. Önnur mál

Formaður rekur að Þjóðleikhúsið hefur áhuga á að halda málþing um geðheilbrigðismál á stóra sviðinu. Framkvæmdastjóra er falið að vinna með Þjóðleikhúsinu að slíku málþingi fyrir hönd Geðhjálpar.

Formaður leggur fram bréf frá Bjargeyju Unu Hinriksdóttur þar sem Geðhjálpar er boðið að tilgreina fulltrúa í baklandshóp geðheilsuteymi taugaproskaraskana sem Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur verið falið að stofna. Stjórn samþykkir að tilgreina framkvæmdastjóra, Grím Atlason, sem fulltrúa Geðhjálpar í baklandshópnum.

Kristinn T. Gunnarsson
HWT — D

Grímur Atlason
SRH
HAS

Formaður rekur stöðu mála varðandi vinnu við styrktarsjóð Geðhjálp. Mikilvægt er að ná frekara samtali við ríkið og einkaaðila varðandi aðkomu að fjármögnun sjóðsins áður en aðalfundur Geðhjálp er haldinn 17. apríl.

Rætt um ábendingar sem borist hafa um að fólk hafi lent í því að lyfin þeirra eru leyst út án þess samþykkis af óviðkomandi fólki sem falsar umboð til að leysa þau út. Framkvæmdastjóra er falið að kanna það hjá Lyfjastofnun hvaða reglur og verkferlar gilda um útleysingar á lyfjum samkvæmt umboði.

Fundi slitið klukkan 17:44

Hallgrímur Arnar Svansson
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir

Þórunn R. Hansen

Kristinn T. Gunnarsson

Hilti

Alma

Elof